

**Ársskýrsla Námsgagnasjóðs**  
**skólaárið 2020-2021**

Lög um námsgögn voru samþykkt á Alþingi 28. mars 2007. Markmið laganna er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Í lögum er kveðið á um stofnun Námsgagnasjóðs. Námsgagnasjóður hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til viðbótarfé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Með tilkomu sjóðsins hafa grunnskólar aukið svigrúm til námsgagnakaupa til viðbótar við úrval Menntamálastofnunar, áður Námsgagnastofnunar. Grunnskólar fá áfram námsgögn frá Menntamálastofnun. Námsgagnasjóður starfar samkvæmt [úthlutunarreglum Námsgagnasjóðs nr. 899](#), þær voru samþykktar 31. október 2016 (sjá fylgiskjal 1).

Fram til ársins 2012 var framlag í Námsgagnasjóð ákveðið í fjárlögum ár hvert. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í nóvember 2007. Vegna niðurskurðar í ríkisútgjöldum varð mennta- og menningarmálaráðuneytið að skerða framlög til sjóðsins. Í töflunni hér að neðan má sjá framlög til sjóðsins frá árinu 2007.

Ár	Framlag í millj. kr.
2021	64,2
2020	62,6
2019	61
2018	59,8
2017	54
2016	54
2015	54
2014	54
2013	40
2012	40
2011	40
2010	60
2009	50
2008	100
2007	100

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einn stjórnarmaður er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður er skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Þann 2. mars 2020 var skipað í nýja stjórn Námsgagnasjóðs og er skipunartími hennar til 1. mars 2024.

Eftirtaldir skipa stjórn Námsgagnasjóðs:

**Aðalmenn:**

Guðni Olgeirsson, án tilnefningar, formaður,  
Helga Guðmundsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, varaformaður,  
Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands.

**Varamenn:**

Marta Guðrún Skúladóttir, án tilnefningar,  
Nanna Kristín Christiansen, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,  
Þorsteinn Sæberg, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands.

Samkomulag um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var undirritað 5. október 2011. Eitt af þeim verkefnum sem samkvæmt samkomulaginu færðust frá ríki til sveitarfélaga var fjármögnun og rekstur Námsgagnasjóðs. Umsýsla sjóðsins, sem frá stofnun sjóðsins hafði verið hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, færðist við undirritun samkomulagsins til Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Starfsmenn sjóðsins eru Klara E. Finnbogadóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir. Umsýslukostnaður greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Fjármunum sem eru til ráðstöfunar á ári hverju, að frátöldum umsýslukostnaði, er úthlutað til grunnskóla til námsgagnakaupa. Hlutdeild hvers grunnskóla ræðst af nemendafjölda á grundvelli nýjustu upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla. Grunnskólar með 150 nemendur eða færri fá reiknað álag á hvern nemanda.

Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins er grunnskólum einungis heimilt að ráðstafa fjármunum úr Námsgagnasjóði til kaupa á námsgögnum frá lögaðilum öðrum en Menntamálastofnun og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Óheimilt er að verja fjármunum úr Námsgagnasjóði til búnaðar- og tækjakaupa. Rekstraraðilar grunnskóla bera ábyrgð á að fylgjast með því að grunnskólar nýti fjármagnið samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.

Samkvæmt 5. gr. úthlutunarreglna Námsgagnasjóðs getur sjóðurinn kallað eftir gögnum um ráðstöfun úthlutunarfjár frá rekstraraðilum grunnskóla. Reynslan sýnir að grunnskólar eru að nýta úthlutað fjármagn til kaupa á námsgögnum samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins. Ekki er hægt að draga ályktun um notkun fjármuna Námsgagnasjóðs út frá þeim gögnum sem stjórn sjóðsins hefur kallað eftir því grunnskólar verja mun meiri fjármunum í kaup á námsgögnum en þeir fá úthlutað úr sjóðnum og geta því aðeins gert grein fyrir broti af því í skilagrein til sjóðsins. Til að einfalda stjórnýslu sjóðsins ákvað stjórn Námsgagnasjóðs á fundi sínum 10. september 2020 að draga úr beinu eftirliti með styrkveitingum og áréttu þess í stað eftirlitshlutverk sveitarfélaga. Hins vegar tekur stjórn Námsgagnasjóðs eftirlitshlutverkið alvarlega og mun nýta sér heimild til að kalla eftir upplýsingum um ráðstöfun úthlutunar þegar hún telur ástæðu til og ef minnsti vafi leikur á misnotkun á notkun fjármuna úr sjóðnum.

Heildartekjur sjóðsins árið 2020 voru 62.695.140 kr. Sjóðurinn átti rekstrarafgang frá árinu 2019 og var rúmlega 63,7 m.kr. úthlutað til grunnskóla fyrir skólaárið 2020-2021 (sjá fylgiskjal 2). Annar kostnaður var um 1 m.kr., þar inni er umsýslukostnaður til að standa straum af rekstri sjóðsins, sbr. 6. gr. úthlutunarreglna sjóðsins, þar með talið skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.

Stjórn Námsgagnasjóðs telur mikilvægt að sem fyrst verði lokið við heildarendurkoðun á stefnu um námsgögn sem staðið hefur yfir í nokkur ár þannig að óvissu um hlutverk og fjármögnun sjóðsins verði eytt. Stjórn sjóðsins telur óheppilegt að fjármögnun sjóðsins sé tengd tímabundnu samkomulagi um óskyld verkefni ríkis og sveitarfélaga. Stjórn Námsgagnasjóðs bendir jafnframt á að núverandi framlög til sjóðsins hafa rýrnað mjög að raungildi frá stofnun hans 2007. Sé tekið mið af verðlagsþróun á tímabilinu 2007-2021 hafa framlög til sjóðsins skerst verulega að raungildi og er árið 2021 aðeins um þriðjungur af því sem það ætti að vera.

Reykjavík, 13. september 2021

f.h. stjórnar Námsgagnasjóðs

Guðni Olgeirsson, formaður

Fylgiskjal 1: Úthlutunarreglur Námsgagnasjóðs nr. 899/2016

ÚTHLUTUNARREGLUR  
Námsgagnasjóðs.

1. gr.

Hlutverk Námsgagnasjóðs er að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn, sbr. 6. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007.

2. gr.

Fjármunum sem eru til ráðstöfunar á ári hverju, að frátöldum umsýslukostnaði, er úthlutað til grunnskóla til námsgagnakaupa. Hlutdeild hvers grunnskóla ræðst af nemendafjölda á grundvelli nýjustu upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla.

Grunnskólar með 150 nemendur eða færri fá reiknað álag á hvern nemenda sem hér segir:

- a. 1-50 nemendur fá 20% hærri úthlutun.
- b. 51-100 nemendur fá 10% hærri úthlutun.
- c. 101-150 nemendur fá 5% hærri úthlutun.

Stjórn Námsgagnasjóðs hefur eftirlit með framkvæmd úthlutunar. Ákvörðun um úthlutun er endanleg og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

3. gr.

Greiðsla fyrir hvern grunnskóla, óháð rekstrarformi, er innt af hendi til rekstraraðila í septembermánuði ár hvert. Rekstraraðilar grunnskóla fylgjast með því að grunnskólar nýti fjármagnið samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.

4. gr.

Grunnskólum er einungis heimilt að ráðstafa fjármunum úr Námsgagnasjóði til kaupa á náms-gögnum frá lögaðilum öðrum en Menntamálastofnun og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Óheimilt er að verja fjármunum úr Námsgagnasjóði til búnaðar- og tækja-kaupa.

Grunnskólum er heimilt að færa óráðstafað úthlutunarfé á milli skólaára.

5. gr.

Námsgagnasjóður getur kallað eftir gögnum um ráðstöfun úthlutunarfjár frá rekstraraðilum grunnskóla. Komi í ljós við eftirlit að grunnskóli hafi ráðstafað fjármunum úr Námsgagnasjóði til annars en heimilað er í úthlutunarreglum þessum getur stjórn sjóðsins krafist endurgreiðslu.

6. gr.

Umsýslukostnaður skal greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins til að standa undir rekstri hans. Umsýslukostnaður skal að hámarki vera 3% af ráðstöfunarfé sjóðsins ár hvert.

Umsýsluaðili skal birta á vef upplýsingar um starfsemi sjóðsins.

7. gr.

Úthlutunarreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 6. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007 og öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 17. október 2016.

**Illugi Gunnarsson.**

\_\_\_\_\_  
Karitas H. Gunnarsdóttir.

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 31. október 2016

Fylgiskjal 2: Úthlutun úr Námsgagnasjóði skólaárið 2020-2021

Úthlutun úr Námsgagnasjóði skólaárið 2020-2021

Sveitarfélag	Grunnskóli	Upphæð
Reykjavíkurborg	Árbæjarskóli	894.075
Reykjavíkurborg	Ártúnsskóli	259.350
Reykjavíkurborg	Austurbæjarskóli	540.540
Reykjavíkurborg	Breiðagerðisskóli	548.730
Reykjavíkurborg	Breiðholtsskóli	578.760
Reykjavíkurborg	Brúarskóli	52.416
Reykjavíkurborg	Dalskóli	408.135
Reykjavíkurborg	Fellaskóli (Reykjavík)	439.530
Reykjavíkurborg	Foldaskóli	677.040
Reykjavíkurborg	Fossvogsskóli	446.355
Reykjavíkurborg	Grandaskóli	483.210
Reykjavíkurborg	Hagaskóli	778.050
Reykjavíkurborg	Hamraskóli	238.875
Reykjavíkurborg	Háaleitisskóli	735.735
Reykjavíkurborg	Háteigsskóli	615.615
Reykjavíkurborg	Hlíðaskóli	698.880
Reykjavíkurborg	Hólabrekkuskóli	685.230
Reykjavíkurborg	Húsaskóli	210.210
Reykjavíkurborg	Ingunnarskóli	529.620
Reykjavíkurborg	Kelduskóli	458.640
Reykjavíkurborg	Klettaskóli	165.138
Reykjavíkurborg	Klébergsskóli	173.754
Reykjavíkurborg	Langholtsskóli	926.835
Reykjavíkurborg	Laugalækjarskóli	468.195
Reykjavíkurborg	Laugarnesskóli	760.305
Reykjavíkurborg	Melaskóli	778.050
Reykjavíkurborg	Norðlingaskóli	831.285
Reykjavíkurborg	Réttarholtsskóli	547.365
Reykjavíkurborg	Rimaskóli	715.260
Reykjavíkurborg	Selásskóli	290.745
Reykjavíkurborg	Seljaskóli	910.455
Reykjavíkurborg	Sæmundarskóli	660.660
Reykjavíkurborg	Vesturbæjarskóli	472.290
Reykjavíkurborg	Vogaskóli	450.450
Reykjavíkurborg	Vættaskóli	647.010
Reykjavíkurborg	Ölduselsskóli	694.785
<b>Reykjavíkurborg</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>19.771.577</b>
<b>Sjálfstætt starfandi</b>		
Reykjavíkurborg	Barnaskóli Hjallastefnunnar Reykjavík	175.190
Reykjavíkurborg	Landakotsskóli	345.345
Reykjavíkurborg	Skóli Ísaks Jónssonar	273.000
Reykjavíkurborg	Suðurhlíðarskóli	65.520

Sveitarfélag	Grunnskóli	Upphæð
Reykjavíkurborg	Tjarnarskóli	81.900
Reykjavíkurborg	Waldorfskólinn Sólstafir	147.147
<b>Reykjavíkurborg - sjálfstætt st.</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>1.088.102</b>
Kópavogsbær	Álfhólsskóli	858.585
Kópavogsbær	Hörðuvallaskóli	1.263.990
Kópavogsbær	Kársnesskóli	805.350
Kópavogsbær	Kópavogsskóli	506.415
Kópavogsbær	Lindaskóli	629.265
Kópavogsbær	Salaskóli	819.000
Kópavogsbær	Smáraskóli	577.395
Kópavogsbær	Snælandsskóli	614.250
Kópavogsbær	Vatnsendaskóli	808.080
<b>Kópavogsbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>6.882.330</b>
<b>Sjálfstætt starfandi</b>		
Kópavogsbær	Waldorfskólinn Lækjarbotnum	88.589
kópavogsbær	Arnarskóli	26.208
<b>Kópavogsbær - sjálfstætt st.</b>		<b>114.797</b>
Seltjarnarneskaupstaður	Grunnskóli Seltjarnarness	763.035
<b>Seltjarnarneskaupstaður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>763.035</b>
Garðabær	Álftanesskóli	558.285
Garðabær	Flataskóli	615.615
Garðabær	Garðaskóli	708.435
Garðabær	Hofsstaðaskóli	802.620
Garðabær	Sjálalandskóli	410.865
Garðabær	Urriðaholtsskóli	79.580
<b>Garðabær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>3.175.400</b>
<b>Sjálfstætt starfandi</b>		
Garðabær	Alþjóðaskólinn á Íslandi	145.646
Garðabær	Barnaskóli Hjallastefnunnar á Vífilstöðum	123.123
<b>Garðabær - sjálfstætt st.</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>268.769</b>
Hafnarfjarðarkaupstaður	Áslandsskóli	690.690
Hafnarfjarðarkaupstaður	Hraunvallaskóli	974.610
Hafnarfjarðarkaupstaður	Hvaleyrarskóli	561.015
Hafnarfjarðarkaupstaður	Lækjarskóli	670.215
Hafnarfjarðarkaupstaður	Setbergsskóli	581.490
Hafnarfjarðarkaupstaður	Skarðshlíðarskóli	293.475
Hafnarfjarðarkaupstaður	Víðistaðaskóli	978.705
Hafnarfjarðarkaupstaður	Öldutúnsskóli	784.875
<b>Hafnarfjarðarkaupstaður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>5.535.075</b>
<b>Sjálfstætt starfandi</b>		
Hafnarfjarðarkaupstaður	Barnaskóli Hjallastefnunnar við Hjallabraut	103.604

Sveitarfélag	Grunnskóli	Upphæð
Hafnarfjarðarkaupstaður	NÚ	88.589
<b>Hafnarfjarðarkaupstaður - sjálfstætt st.</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>192.192</b>
Mosfellsbær	Helgafellsskóli	208.845
Mosfellsbær	Krikaskóli	150.150
Mosfellsbær	Lágafellsskóli	906.360
Mosfellsbær	Varmárskóli	1.113.840
<b>Mosfellsbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>2.379.195</b>
Reykjanesbær	Akurskóli	588.315
Reykjanesbær	Háaleitisskóli (Reykjanesbæ)	393.120
Reykjanesbær	Heiðarskóli (Reykjanesbæ)	570.570
Reykjanesbær	Holtaskóli	540.540
Reykjanesbær	Myllubakkaskóli	500.955
Reykjanesbær	Njarðvíkurskóli	556.920
Reykjanesbær	Stapaskóli	196.729
<b>Reykjanesbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>3.347.149</b>
Grindavíkurbær	Grunnskóli Grindavíkur	726.180
<b>Grindavíkurbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>726.180</b>
Sveitarfélagið Vogar	Stóru-Vogaskóli	221.130
<b>Sveitarfélagið Vogar</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>221.130</b>
Suðurnesjabær	Gerðaskóli	324.870
Suðurnesjabær	Grunnskólinn í Sandgerði	363.090
<b>Suðurnesjabær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>687.960</b>
Akraneskaupstaður	Brekkubæjarskóli	637.455
Akraneskaupstaður	Grundaskóli	872.235
<b>Akraneskaupstaður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>1.509.690</b>
Hvalfjarðarsveit	Heiðarskóli (Leirársveit)	112.613
<b>Hvalfjarðarsveit</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>112.613</b>
Borgarbyggð	Grunnskóli Borgarfjarðar	236.145
Borgarbyggð	Grunnskólinn í Borgarnesi	410.865
<b>Borgarbyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>647.010</b>
Grundarfjarðarbær	Grunnskóli Grundarfjarðar	136.637
<b>Grundarfjarðarbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>136.637</b>
Stykkishólmsbær	Grunnskólinn í Stykkishólmi	215.397
<b>Stykkishólmsbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>215.397</b>

Sveitarfélag	Grunnskóli	Upphæð
Eyja- og Miklaholtshreppur	Laugargerðisskóli	29.484
<b>Eyja- og Miklaholtshreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>29.484</b>
Snæfellsbær	Grunnskóli Snæfellsbæjar	315.315
<b>Snæfellsbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>315.315</b>
Dalabyggð	Auðarskóli	133.634
<b>Dalabyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>133.634</b>
Bolungarvíkurkaupstaður	Grunnskóli Bolungarvíkur	188.113
<b>Bolungarvíkurkaupstaður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>188.113</b>
Ísafjarðarbær	Grunnskóli Önundarfjarðar	24.570
Ísafjarðarbær	Grunnskólinn á Ísafirði	510.510
Ísafjarðarbær	Grunnskólinn Suðureyri/Suðureyrarskóli	57.330
Ísafjarðarbær	Grunnskólinn Þingeyri	70.434
<b>Ísafjarðarbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>662.844</b>
Reykholahreppur	Reykholaskóli	72.072
<b>Reykholahreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>72.072</b>
Tálknafjarðarhreppur	Grunnskólinn á Tálknafirði	63.882
<b>Tálknafjarðarhreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>63.882</b>
Vesturbyggð	Bíldudalsskóli	47.502
Vesturbyggð	Patreksskóli	121.622
<b>Vesturbyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>169.124</b>
Súðavíkurhreppur	Súðavíkurskóli	34.398
<b>Súðavíkurhreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>34.398</b>
Kaldrananeshreppur	Grunnskólinn á Drangnesi	11.466
<b>Kaldrananeshreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>11.466</b>
Strandabyggð	Grunnskólinn á Hólmavík	67.158
<b>Strandabyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>67.158</b>
Sveitarfélagið Skagafjörður	Árskóli	490.035
Sveitarfélagið Skagafjörður	Grunnskólinn austan Vatna	96.096
Sveitarfélagið Skagafjörður	Varmahlíðarskóli	147.906
<b>Sveitarfélagið Skagafjörður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>734.037</b>
Húnaþing vestra	Grunnskóli Húnaþings vestra	226.590
<b>Húnaþing vestra</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>226.590</b>
Blönduósibær	Grunnskólinn á Blönduósi/Blönduskóli	198.165



Sveitarfélag	Grunnskóli	Upphæð
<b>Blönduósbaer</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>198.165</b>
Sveitarfélagið Skagaströnd	Höfðaskóli	132.132
<b>Sveitarfélagið Skagaströnd</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>132.132</b>
Húnavatnshreppur	Húnavallaskóli	58.968
<b>Húnavatnshreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>58.968</b>
Akureyrarkaupstaður	Brekuskóli	697.515
Akureyrarkaupstaður	Giljaskóli	528.255
Akureyrarkaupstaður	Glerárskóli	495.495
Akureyrarkaupstaður	Grunnskólinn í Hrísey/Hríseyjarskóli	26.208
Akureyrarkaupstaður	Hlíðarskóli	24.570
Akureyrarkaupstaður	Lundarskóli	636.090
Akureyrarkaupstaður	Naustaskóli	526.890
Akureyrarkaupstaður	Oddeyrarskóli	271.635
Akureyrarkaupstaður	Síðuskóli	495.495
<b>Akureyrarkaupstaður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>3.702.153</b>
Norðurþing	Borgarhólsskóli	389.025
Norðurþing	Grunnskólinn á Raufarhöfn	9.828
Norðurþing	Öxarfjarðarskóli	47.502
<b>Norðurþing</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>446.355</b>
Fjallabyggð	Grunnskóli Fjallabyggðar	273.000
<b>Fjallabyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>273.000</b>
Dalvíkurbyggð	Árskógarskóli	36.036
Dalvíkurbyggð	Dalvíkurskóli	288.015
<b>Dalvíkurbyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>324.051</b>
Eyjafjarðarsveit	Hrafnagilsskóli	215.670
<b>Eyjafjarðarsveit</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>215.670</b>
Hörgársveit	Þelamerkurskóli	97.598
<b>Hörgársveit</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>97.598</b>
Svalbarðsstrandarhreppur	Valsárskóli	80.262
<b>Svalbarðsstrandarhreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>80.262</b>
Grýtubakkahreppur	Grenivíkurskóli	81.900
<b>Grýtubakkahreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>81.900</b>
Skútustaðahreppur	Reykjahlíðarskóli	67.158
<b>Skútustaðahreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>67.158</b>

Sveitarfélag	Grunnskóli	Upphæð
Þingeyjarsveit	Stórutjarnaskóli	58.968
Þingeyjarsveit	Þingeyjarskóli	97.598
<b>Þingeyjarsveit</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>156.566</b>
Langanesbyggð	Grunnskólinn á Þórshöfn	100.601
<b>Langanesbyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>100.601</b>
Seyðisfjarðarkaupstaður	Seyðisfjarðarskóli	108.108
<b>Seyðisfjarðarkaupstaður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>108.108</b>
Fjarðabyggð	Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	145.646
Fjarðabyggð	Grunnskóli Reyðarfjarðar	281.190
Fjarðabyggð	Grunnskólinn á Eskifirði	206.115
Fjarðabyggð	Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli	36.036
Fjarðabyggð	Nesskóli	307.125
<b>Fjarðabyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>976.112</b>
Vopnafjarðarhreppur	Vopnafjarðarskóli	127.628
<b>Vopnafjarðarhreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>127.628</b>
Borgarfjarðarhreppur	Grunnskóli Borgarfjarðar eystri	6.552
<b>Borgarfjarðarhreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>6.552</b>
Djúpavogshreppur	Grunnskóli Djúpavogs/Djúpavogsskóli	112.613
<b>Djúpavogshreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>112.613</b>
Fljótshérað	Brúarásskóli	63.882
Fljótshérað	Fellaskóli (Fellabæ)	150.150
Fljótshérað	Grunnskólinn Egilsstöðum og Eiðum/Egilsstaðaskóli	502.320
<b>Fljótshérað</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>716.352</b>
Sveitarfélagið Hornafjörður	Grunnskóli Hornafjarðar	334.425
Sveitarfélagið Hornafjörður	Grunnskólinn í Hofgarði	11.466
<b>Sveitarfélagið Hornafjörður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>345.891</b>
Vestmannaeyjabær	Grunnskóli Vestmannaeyja	698.880
<b>Vestmannaeyjabær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>698.880</b>
Sveitarfélagið Árborg	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	195.293
Sveitarfélagið Árborg	Sunnulækjarskóli	967.785
Sveitarfélagið Árborg	Vallaskóli	866.775
<b>Sveitarfélagið Árborg</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>2.029.853</b>
Mýrdalshreppur	Grunnskóli Mýrdalshrepps/Víkurskóli	79.580
<b>Mýrdalshreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>79.580</b>

Sveitarfélag	Grunnskóli	Upphæð
Skaftárhreppur	Kirkjubæjarskóli	67.158
<b>Skaftárhreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>67.158</b>
Rangárþing eystra	Hvolsskóli	316.680
<b>Rangárþing eystra</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>316.680</b>
Rangárþing ytra	Grunnskólinn á Hellu	180.933
Rangárþing ytra	Laugalandsskóli í Holtum	114.114
<b>Rangárþing ytra</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>295.047</b>
Hrunamannahreppur	Flúðaskóli	133.634
<b>Hrunamannahreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>133.634</b>
Hveragerðisbær	Grunnskólinn í Hveragerði	518.700
<b>Hveragerðisbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>518.700</b>
Sveitarfélagið Ölfus	Grunnskólinn í Þorlákshöfn	323.505
<b>Sveitarfélagið Ölfus</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>323.505</b>
Grímsnes- og Grafningshreppur	Kerhólsskóli	76.986
<b>Grímsnes- og Grafningshreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>76.986</b>
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Þjórsárskóli	75.348
<b>Skeiða- og Gnúpverjahreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>75.348</b>
Bláskógabyggð	Bláskógaskóli - Laugarvatni	76.577
Bláskógabyggð	Bláskógaskóli - Reykholti	124.625
<b>Bláskógabyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>201.201</b>
Flóahreppur	Flóaskóli	147.906
<b>Flóahreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>147.906</b>